

-----Original Message-----

From: ogm@atf.is

Sent: mánudagur, 2. febrúar 2026 12:40

Subject: Hvatning til umsagnar um þingsályktunartillögu um staðsetningu þyrilu Landhelgisgæslunnar

Kæra sveitarstjórn,

Með þessu tölvuskeyti viljum við vekja athygli ykkar á þingsályktunartillögu sem nú liggur fyrir Alþingi, 16. mál á 157.

löggjafarþingi, um að koma á fastri starfsstöð fyrir eina af þyrilum Landhelgisgæslu Íslands (LHG) á Akureyri. Hér er beinn tengill á þingsályktunartillöguna:

<https://eur03.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.althingi.is%2Fthingstorf%2Fthingmalalistar-eftir-thingum%2Fferill%2F157%2F16%2F%3FItg%3D157%26mnr%3D16&data=05%7C02%7Crosa%40arborg.is%7Cd5e1b8f4dbb5432650f308de625c230c%7C3e415f6f3fc6463faef03cd11e20149c%7C0%7C0%7C639056345030545886%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJFbXB0eU1hcGkiOnRydWU%3D%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=5np46tucCBA5QrLVThK0mfU6iVp7F5GZctepVS21PjA%3D&reserved=0>

Haustið 2025 fór Atlantsflug yfir þetta málefni með Heilbrigðisráðuneytinu og lagði þar fram tillögu um afmarkað tilraunaverkefni til sex mánaða. Markmið þess var að meta í raunhæfum rekstri hvernig sérhæfð HEMS þjónusta (Helicopter Emergency Medical Service) með minni sjúkraþyrilum, staðsettum á fleiri en einum stað á landinu, gæti bætt viðbragðstíma, jafnræði í þjónustu og heildarhagkvæmni kerfisins. Erindið fékk jákvæðar undirtektir.

Við teljum mikilvægt að sveitarfélög sem hafa beina hagsmuni af skipulagi sjúkraflutninga, bráðabjónustu og öryggisviðbragða um land allt komi sjónarmiðum sínum á framfæri áður en málið er afgreitt.

Umsagnarfrestur rennur út 12. febrúar 2026.

Þingsályktunartillagan gengur út á að staðsetja stóra björgunarþyrilu LHG af gerðinni Airbus Helicopters H225, sem er hönnuð fyrst og fremst fyrir leitar og björgunarverkefni, á Akureyri. Sú nálgun hefur að okkar mati verulega annmarka þegar horft er til raunverulegra þarfa almennings fyrir bráðabjónustu, bæði í dreifðum byggðum og í stærri þéttbýliskjörnum.

Í þessu samhengi er jafnframt rétt að vísa til skýrslu Fagráðs um sjúkraflutninga, þar sem bent er á að sjúkraflutningar í lofti séu nauðsynleg viðbót við sjúkrabíla og sjúkraflugvélar í strjálbýlu landi með langar vegalengdir. Þar er sérstaklega lögð áhersla á að sérhæfðar sjúkraþyrilur, mannaðir áhafnir á staðarvöktum með lækni og bráðataækni eða hjúkrunarfræðingi, séu betur til þess fallnar að sinna bráðabjónustu en stórar björgunarþyrilur sem starfa á bakvöktum og í fjölþættum verkefnum. Í skýrslunni er jafnframt lagt til að gerð verði tilraun með starfrækslu sérstakrar sjúkraþyrilu til að meta hagkvæmni, viðbragðstíma og ávinning slíks fyrirkomulags, með skýra aðkomu heilbrigðisyfirvalda að skipulagi þjónustunnar. Hér er tengill á skýrsluna:

<https://eur03.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Flibrariy%2F01--Frettatengt---myndir-og-skrar%2FVEL%2FSj%25C3%25BAkra%25C3%25BEyrla%2520-%2520loka%25C3%25BAtg%25C3%25A1fa%2520-%2520Copy%2520&data=05%7C02%7Crosa%40arborg.is%7Cd5e1b8f4dbb5432650f308de625c230c%7C3e415f6f3fc6463faef03cd11e20149c%7C0%7C0%7C639056345030572203%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJFbXB0eU1hcGkiOnRydWU%3D%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=5np46tucCBA5QrLVThK0mfU6iVp7F5GZctepVS21PjA%3D&reserved=0>

[IldUljoyfQ%3D%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=s7fR0rYTFpyC7NQINKNgj1HcTbocBFwNWsUHUQHYAwE%3D&reserved=0\(1\).pdf](https://eur03.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.ruv.is%2Futvarp%2Fspila%2Fmorgunutvarpid%2F23822%2Fbiliak%2Fvill-fastsetja-thyrlo-a-akureyri&data=05%7C02%7Crosa%40arborg.is%7Cd5e1b8f4dbb5432650f308de625c230c%7C3e415f6f3fc6463faef03cd11e20149c%7C0%7C0%7C639056345030590104%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJFbXB0eU1hcGkiOnRydWUsIlYiOilwLjAuMDAwMCIslAIiOiJXaW4zMilSkFOljoITWFpbCIsIldUljoyfQ%3D%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=yLW7WKqBBaTKHqkcRJgTYS%2FkWqTjjwGhQxCSg6%2F7dbQ%3D&reserved=0)

Helstu áhyggjuefni eru meðal annars:

-Rekstur og viðhald slíkrar þyrilu er kostnaðarsamt og bindur verulegt fjármagn í eina einingu
-H225 þyrilan er fyrst og fremst sérhæfð leitar og björgunarþyrila en ekki hönnuð fyrir daglega bráðabjónustu -Útkallstími og viðbragðstími slíkra véla er almennt lengri en hjá sérhæfðum sjúkraþyrilum

Við viljum jafnframt vekja athygli á raunhæfum valkosti sem myndi styrkja bráðabjónustu við fleiri landsvæði í senn. Þar er um að ræða uppbyggingu sérhæfðrar HEMS þjónustu með minni þyrilum á borð við Airbus Helicopters H135 eða H145, sérstaklega hannaðar fyrir bráðabjónustu og sjúkraflutninga. Sama fjárhæð og talað er um í þingsályktunartillögunni gæti staðið undir rekstri fjögurra minni og sérhæfðra sjúkraþyrila, HEMS, staðsettra í mismunandi landshlutum.

Slík lausn myndi meðal annars:

-Færa bráðabjónustu nær íbúum í fleiri sveitarfélögum -Draga verulega úr viðbragðstíma í alvarlegum tilfellum -Styðja við heilbrigðisstofnanir og bráðabjónustu á svæðinu í heild -Tryggja jafnræði í aðgengi að lífsbjargandi þjónustu óháð búsetu -Stytta tíma þegar þörf er á sjúkraflugi milli landshluta -Skila meiri samfélagslegum ábata fyrir sama eða lægri heildarkostnað

Sem viðhengi fylgir myndræn framsetning sem sýnir hversu langt sjúkraþyrila af þessari gerð nær á 30 mínútum flugtíma, miðað við 5 mínútna útkallstíma og fjórar staðsetningar á landinu. Framsetningin varpar ljósi á hvernig dreifð HEMS þjónusta getur raunverulega bætt öryggi og viðbragðsgetu í fleiri landshlutum samtímis. Til samanburðar er akstur sjúkrabíls í 30 mínútur sýndur með grænum hringjum.

Einnig fylgir tengill á umfjöllun í Morgunvaktinni á Rás tvö þar sem flytjandi tillögunnar er spurður nánar út í forsendur hennar:

<https://eur03.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.ruv.is%2Futvarp%2Fspila%2Fmorgunutvarpid%2F23822%2Fbiliak%2Fvill-fastsetja-thyrlo-a-akureyri&data=05%7C02%7Crosa%40arborg.is%7Cd5e1b8f4dbb5432650f308de625c230c%7C3e415f6f3fc6463faef03cd11e20149c%7C0%7C0%7C639056345030590104%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJFbXB0eU1hcGkiOnRydWUsIlYiOilwLjAuMDAwMCIslAIiOiJXaW4zMilSkFOljoITWFpbCIsIldUljoyfQ%3D%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=yLW7WKqBBaTKHqkcRJgTYS%2FkWqTjjwGhQxCSg6%2F7dbQ%3D&reserved=0>

Að okkar mati myndi staðsetning einnar björgunarþyrilu á Akureyri ekki bæta bráðabjónustu landsins í heild sinni með marktækum hætti. Þvert á móti teljum við að dreifð HEMS þjónusta í samstarfi við heilbrigðiskerfið myndi þjóna íbúum ykkar sveitarfélags og landsins alls mun betur.

Við viljum því hvetja sveitarstjórn ykkar til að nýta umsagnarfræðinginn og koma fram með sjálfstæða umsögn þar sem tekið er mið af hagsmunum íbúa ykkar og mikilvægi þess að fjármunir ríkisins séu nýttir á sem skilvirkastan hátt.

Við erum reiðubúin að veita frekari upplýsingar eða ræða málið nánar ef þess er óskað.

Virðingarfyllt,

Jón Grétar Sigurðsson, framkvæmdastjóri

Atlantsflug ehf

Ögmundur Gíslason, flugrekstrarfræðingur / flugrekstrarstjóri Atlantsflug ehf ogm@atf.is